

Efnisyfirlit

1. ÚTBOÐSKRÖFUR	2
1.1 Almennar upplýsingar um útboð	2
1.1.1 Útboðsyfirlit og lykildagsetningar	2
1.1.2 Skipting útboðs í hluta	3
1.1.3 Útboðsgögn	3
1.2 Hæfi bjóðanda	3
1.2.1 Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðenda (ESPD)	3
1.2.2 Skráning fyrirtækis	4
1.2.3 Opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld	4
1.2.4 Fjárhagsstaða bjóðanda	4
1.2.5 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda	4
1.2.6 Byggt á getu annars aðila	9
1.2.7 Undirverktaka	9
1.2.8 Starfsmannaleiga	9
1.2.9 Útilokunarástæður bjóðanda	9
1.3 Tæknilýsing	10
1.3.1 Lýsing á vöru/þjónustu	10
1.4 Valforsendur	12
1.4.1 Verð (25%)	13
1.4.2 Gæði (75%)	13
1.5 Samningsskilmálar	15
1.5.1 Samningstími	15
1.5.2 Staðsetning	15
1.5.3 Fyrirkomulag innkaupa innan samnings	15
1.5.4 Févítí	17
1.5.5 Verð og verðbreytingar	17
1.5.6 Greiðslur	18
1.5.7 Samskipti á samningstíma	18
1.5.8 Ábyrgð og tryggingar	18
1.5.9 Endurskoðunarákvæði	18
1.5.10 Riftun og uppsögn	19
1.5.11 Sjálfbærni	19
1.5.12 Starfskjör starfsmanna og undirverktaka	19
1.5.13 Eignarhald	19
1.5.14 Trúnaður	20
1.6 Tilboð	20

1. Útboðskröfur

1.1 Almennar upplýsingar um útboð

Fjársýslan, fyrir hönd Stafræns Íslands og ríkisaðila í A1 og A2 hluta, óskar eftir tilboðum í útboði 23151 - þverfagleg teymi fyrir eflingu stafrænnar þjónustu hins opinbera, þ.e. vefteymi (e. Web development team) og alhliða teymi (e. Cross functional team).

Öðrum opinberum aðilum er skylt að nota rammasamninginn vegna kaupa sem varða þróun á vörum Stafræns Íslands. Upplýsingar um vörur Stafræns Íslands má finna á vefnum: <https://island.is/s/staфраent-island/thjonusta-staфраens-islands>

Teymin munu vinna í samvinnu við kaupendur að verkefnum fyrir Stafrænt Ísland, Ísland.is og verkefnum þeim tengdum.

Stefnt er að því að gera rammasamning við 10 alhliðateymi og 10 vefteymi sem fá hæstan heildarstigafjölda í útboði þessu. Aðeins verður samið við hvern bjóðanda um að hámarki eitt teymi í hvorum hluta. Boðnir teymismeðlimir geta einungis verið í einu boðnu teymi, þ.e. alhliðateymi eða vefteymi að skilastjórum undanskildum. Heimilt er að bjóða sama skilastjóra í bæði teymin. Eftir opnun tilboða verður þeim teyimum sem uppfylla hæfiskröfur og aðrar lágmarkskröfur útboðsins boðið að skila verkefni sem gildir 50% af heildarstigafjölda útboðsins. Teymin hafa 72 klst. til þess að leysa verkefnin og kynna fyrir matsnefnd.

Unnið hefur verið að þróun Ísland.is og tengdra verkefna frá ársbyrjun 2020. Þróunarleiðbeiningar, tæknistefna, hönnunarkerfi og þróunarkeðja hafa verið innleidd af Stafrænu Íslandi í samvinnu við birgja og skal allur hugbúnaður útfærður í samræmi við fyrrgreinda vinnu og stefnu Stafræns Íslands. Tæknistefna, hönnunarkerfi og þróunarkeðja geta tekið breytingum á samningstíma og skuldbinda seljendur sig til að vinna eftir kröfum Stafræns Íslands hverju sinni. Upplýsingar um þróunarleiðbeiningar, tæknistefnu og hönnunarkerfi má finna á eftirfarandi slóð: <https://island.is/s/staфраent-island/throun>.

Þær afurðir sem verkefnin leiða af sér eru eign kaupanda og er honum heimilt að endurnýta þær að hluta eða í heild sinni í öðrum verkefnum. Stærstur hluti þess hugbúnaðar sem til verður á grunni þessara verkefna telst opin og frjálss sbr. skilgreiningu þess hugtaks á vef Stafræns Íslands: <https://docs.devland.is/#free-and-open-source-software-foss> (á ensku). Það er gert til að auðvelda viðhald, uppfærslur og það að skipta út og aðlaga tækni til framtíðar. Hvað varðar þann hluta kóðans sem ekki er opin og frjálss er fjallað um í kafla 1.3.1 um lýsingu á vöru/þjónustu.

Um er að ræða rammasamning, sbr. 40 gr. laga um opinber innkaup.

Áætluð velta samnings þessa til fjögurra ára er 6,2 milljarðar ISK án vsk. Kaupendur ábyrgjast ekki að samningsfjárhæð nái því marki.

Hámarks verðmæti samnings er 8 milljarðar ISK án vsk. Ef hámarks verðmæti samnings er náð skal samningurinn boðinn út aftur.

Kaupanda er heimilt að bjóða út verkefni og/eða aðra verkþætti sem kunna að tengjast verkefni eða kaupa þau inn með öðrum lögmætum leiðum skv. OIL. Hámark slíkra kaupa skal vera 20% af efni rammasamningsins.

1.1.1 Útboðsyfirlit og lykildagsetningar

Opinn kynningarfundur	13. mars 2025 kl. 13:00-16:00
-----------------------	-------------------------------

Fyrirspurnarfrestur bjóðenda	9 dögum áður en tilboðsfresti lýkur
Svarfrestur kaupanda	6 dögum áður en tilboðsfresti lýkur
Tilboðsfrestur	8. apríl 2025 kl. 09:00
Opnun tilboða	8. apríl 2025 kl. 10:00
Gilditími tilboðs	3 mánuðir frá opnun tilboða

Bjóðendur skulu staðfesta þátttöku á opnum kynningarfundum með því að senda tölvupóst á hektor.m.johannsson@fjs.is ekki síðar en 12. mars 2025 kl. 13:00.

1.1.2 Skipting útboðs í hluta

Útboðinu er skipt í tvo hluta og eru þeir eftirfarandi:

Hluti 1: Alhliðateymi (e. cross functional team)

Hluti 2: Vefteymi (e. web development team)

Heimilt er að bjóða í einn hluta eða báða hluta. Hver bjóðandi verður þó að bjóða mismunandi teymi í hlutana (að skilastjóra undanskildum þar sem heimilt er að bjóða sama skilastjóra í bæði teymin) og einungis má bjóða eitt teymi í hvorn hluta fyrir sig.

1.1.3 Útboðsgögn

- Útboðskröfuskjal þetta
- Staðlaðir skilmálar
- Spurningar og svör sem berast á fyrirspurnartíma
- Viðauki 1 - Tilboðsskrá
- Viðauki 2 - Gæðamat
- Viðauki 3 – Samskiptareglur rammasamnings
- Viðauki 4 – Trúnaðaryfirlýsing
- Viðauki 5 – Dæmi um verksamning
- Viðauki 6 – Verkefni fyrir alhliðateymi
- Viðauki 7 – Matsblað fyrir verkefni alhliðateyma
- Viðauki 8 – Verkefni fyrir vefteymi
- Viðauki 9 – Matsblað fyrir verkefni vefteyma

Viðaukar 6-9 verða afhentir teyfum sem uppfylla hæfismat eftir opnun tilboða.

1.2 Hæfi bjóðanda

1.2.1 Samevrópsk hæfisfyrir lýsing bjóðenda (ESPD)

Bjóðandi getur valið að fylla út og skila inn sjálfyfirlýsingu um fjárhagsstöðu fyrirtækis og hæfni þess (ESPD) í stað þess að skila inn umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði.

Komi tilboð bjóðanda til greina skal bjóðandi leggja fram þær staðfestingar sem krafist er í útboðsgögnum.

Bjóðandi getur hlaðið niður, fyllt út og skilað ESPD með tilboði sínu með því að notast við eftirfarandi slóð:

<https://espd.ajoursystem.net/>

Nánari upplýsingar um ESPD er að finna á finna á heimasíðu Evrópusambandsins, sjá eftirfarandi slóð:

<https://ec.europa.eu/tools/espd/filter?lang=is>

Vinsamlegast athugið að ef ESPD er valið þá hleypir kerfið bjóðandanum ekki áfram nema sett sé viðhengi við skylduspurningar í þessum kafla. Þegar notast er við ESPD er fullnægjandi að hengja yfirlýsingu um að ESPD hafi verið skilað inn við skylduspurningar kaflans.

1.2.2 Skráning fyrirtækis

Bjóðandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá eða virðisaukaskattsskrá Skattsins. Erlendir bjóðendur skulu geta sýnt fram á sambærilega skráningu í heimaríki með fullnægjandi vottorði.

Íslenskur bjóðandi: Fjársýslan kannar skráningu bjóðanda í fyrirtækjaskrá eða virðisaukaskattsskrá Skattsins.

- **Erlendur bjóðandi:** Fjársýslan kannar skráningu bjóðanda í fyrirtækjaskrá eða virðisaukaskattsskrá Skattsins. Sé erlent fyrirtæki ekki skráð í fyrirtækjaskrá Skattsins skal það skila sambærilegu vottorði um skráningu í því landi þar sem fyrirtækið er stofnað skv. e-certis.

1.2.3 Opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld á opnunardegi tilboða.

Hafi bjóðandi gilda greiðsluáætlun um greiðslu opinberra gjalda, þ.m.t. vexti eða sektir er litið svo á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.

Íslenskur bjóðandi: Fjársýslan kannar stöðu opinberra gjalda í tekjubókhaldskerfi ríkisins á opnunardegi tilboða.

- **Erlendur bjóðandi:** Skal skila vottorði, ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða, um staðfestingu á að bjóðandi sé í skilum við opinber gjöld í sínu heimaríki. Hafi bjóðandi gilda greiðsluáætlun skulu þær upplýsingar fylgja tilboði.
- Bjóðandi skal skila vottorði, ekki eldra en þriggja mánaða á opnunardegi tilboða, frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum til staðfestingar á skilum.

1.2.4 Fjárhagsstaða bjóðanda

Eigið fé bjóðanda skal árið 2023 vera jákvætt sem nemur 10% af efnahagsreikningi.

- **Íslenskur bjóðandi:** Fjársýslan sækir ársreikning vegna ársins 2023 á RSK.is og kannar fjárhagsstöðu bjóðanda. Einstaklingar í rekstri skulu skila rekstrarskýrslu vegna ársins 2023.
- **Erlendur bjóðandi:** Skal skila ársreikningi vegna ársins 2023 í viðhengi. Einstaklingar í rekstri skulu skila rekstrarskýrslu vegna ársins 2023.

Eiginfjárhlutfall er reiknað sem eigið fé/heildarfjármagn samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum:

<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/vidurkenndir-bokarar/Kennitolur-Formulublad-2014.doc.pdf>

1.2.5 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda

Heimilt er að mynda samsteypu hugbúnaðarhúsa, hönnunaraðila og ráðgjafa, þar sem smærri aðilar geta tekið sig saman og boðið í verkefnið. Í þessum tilfellum er verk unnið undir forystu eins aðila en aðilar bera sameiginlega ábyrgð gagnvart kaupanda. Jafnframt er aðilum heimilt að ráða til sín undirverktaka sem taka að sér einstaka þætti eða hlutverk í skilgreindum teymum.

Boðnir aðilar bjóðanda skulu hafa hreint sakavottorð.

- Bjóðandi skal staðfesta að boðnir aðilar hafi hreint sakavottorð. Ekki er óskað eftir sakavottorði heldur aðeins staðfestingu með tilboði. Kaupandi getur óskað eftir sakavottorði hvenær sem er á gildistíma samnings.

Meira en helmingur boðinna teymismeðlima skulu hafa starfað á íslenskum markaði í eitt ár eða unnið fyrir aðila innan EES svæðisins í a.m.k. þremur stórum sambærilegum verkefnum (að lágmarki 1000 klst. per verkefni).

- Bjóðandi skal skila inn upplýsingum sem sýna fram á að að meira en helmingur boðinna teymismeðlima hafi starfað á íslenskum markaði í eitt ár eða unnið fyrir aðila innan EES svæðisins í a.m.k. þremur stórum verkefnum (að lágmarki 1000 klst. per verkefni).

Bjóðandi eða boðnir aðilar bjóðanda skulu hafa komið að útfærslu a.m.k. þriggja miðlungsstórra lausna sem eru sambærilegar við verkefni það sem hér um ræðir þar sem umfang vinnu boðinna aðila bjóðanda (samanlagður) hefur verið að lágmarki 500 klst per verkefni á sl. 24 mánuðum.

- Bjóðandi skal skila inn staðfestingu með verkskrá á því að bjóðandi eða boðnir aðilar bjóðanda hafi komið að útfærslu a.m.k. þriggja miðlungsstórra lausna sem eru sambærilegar við verkefni það sem hér um ræðir þar sem umfang vinnu boðinna aðila bjóðanda (samanlagður) hefur verið að lágmarki 500 klst. per verkefni á sl. 24 mánuðum.

Boðnir aðilar bjóðanda þurfa ekki að hafa hlotið formlega háskólamenntun, en skulu hafa víðtæka þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

- Bjóðandi skal skila inn ferilskrá boðinna aðila, að hámarki ein síða á hvern starfsmann sem sýnir fram á víðtæka þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum.

Boðnir aðilar bjóðanda skulu búa yfir góðri samstarfshæfni.

- Bjóðandi skal skila inn einum meðmælum frá viðskiptavin fyrir hvern boðinn aðila. Meðmælin skulu sýna fram á að boðnir aðilar búi yfir góðri samstarfshæfni. Meðmæli boðins aðila frá bjóðanda eða meðmæli boðins aðila frá teymismeðlim eða starfsmanni bjóðanda eru ekki tekin gild.

Kröfur til starfsmanna í alhliðateymi:

Alhliðateymi skulu innihalda að lágmarki: skilastjóra, framendaforritara, bakendaforritara, alhliðaforritara og hönnuð.

Gerð er lágmarkskrafa um eftirfarandi teymismeðlimi og skulu þeir uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- **Skilastjóri**

- Reynsla af leiðtogahlutverki í teymi ásamt því að hafa náð árangri með fjölbreyttum teymum
- Amk. 3 ára reynsla af agile
- Hafa stýrt 3 sambærilegum miðlungsstórum verkefnum sem voru amk 500 klst. per verkefni þar sem reynir á samskiptahæfni tæknifólks og annarra hagsmunaaðila
- Reynsla af því að fylgjast með framvindu stórra hugbúnaðarverkefna, bera kennsl á áhættur í verkefnum og tryggja að gæði séu tryggð í hvívetna í gegnum þróunarferlið.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, skipulagshæfni og hæfni til að leiða saman tæknilegt fólk og aðra hagsmunaaðila eftir þörfum og umfangi verkefna.

- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til skilastjóra séu uppfylltar.

- **Framendaforritari**

- Amk 3 ára reynsla í framendaforritun
- Amk 1 árs reynsla af Typescript
- Amk 1 árs reynsla af React eða Next.js
- Amk 1 árs reynsla af að nota RESTful þjónustur og GraphQL til að samþætta gögn í notendaviðmóti
- Amk 1 árs reynsla af sjálfvirkum prófunum (test automation)

- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til framendaforritara séu uppfylltar.

- **Bakendaforritari**

- Amk 3 ára reynsla í bakendaforritun
- Amk 1 árs reynsla af Typescript
- Amk 1 árs reynsla af af að hanna og útfæra RESTful þjónustur og GraphQL til að tryggja hnökralaus samskipti milli kerfa
- Amk 1 árs reynsla af sjálfvirkum prófunum (test automation)

- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til bakendaforritara séu uppfylltar.

- **Alhliðaforritari**

- Amk 3 ára reynsla í forritun
- Amk 1 árs reynsla af Typescript
- Amk 1 árs reynsla af React eða Next.js
- Amk 1 árs reynsla af að hanna og nota RESTful þjónustur og GraphQL sem hluta af þróun heildstæðra lausna.
- Amk 1 árs reynsla af sjálfvirkum prófunum (test automation)

- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til alhliðaforritara séu uppfylltar.

- **Hönnuður**
- A.m.k. 3 ára reynsla í vef- og/eða viðmótshönnun í praktískum verkefnum, ekki er tekið mið af verkefnum úr skóla
- Þátttaka í 3 miðlungsstórum verkefnum (að lágmarki 500 klst per verkefni) á sviði notendaupplifunar (UX) og notendaviðmóts (UI)
- Þjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til hönnuðar séu uppfylltar ásamt dæmum um verkefni í Figma (skjáskot) og dæmi um verkefni sem sýna skalanlega hönnun.

Auk ofangreindra teymismeðlima er þjóðendum valkvætt að þjóða gæðastjóra (e. QA manager) og/eða lausnaarkitekt (e. Solution architect) í teymi. Sé gæðastjóri og/eða lausnaarkitekt boðinn skulu þeir uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- **Gæðastjóri (e. QA manager) (Valkvætt)**
- Amk 3 ára reynsla í gæðastjórnun og/eða prófunum
- Þátttaka í amk 3 miðlungsstórum verkefnum (amk 500 klst per verkefni) á sviði gæðastjórnunar og/eða prófana
- Þjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til gæðastjóra séu uppfylltar sé gæðastjóri boðinn.
- **Lausnaarkitekt (e. Solution architect) (Valkvætt)**
- Amk 3 ára reynsla á sviði lausnaarkitektúrs
- Þjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til lausnaarkitekts séu uppfylltar sé lausnaarkitekt boðinn.

Þjóðendum er heimilt að tilgreina fleiri teymismeðlimi, umfram þá sem skilgreindir eru hér að ofan, sem ekki uppfylla allar ofangreindar lágmarkskröfur. Séu tilgreindir fleiri teymismeðlimir skal koma fram í tilboðsskrá sérstakt tímagjald. Það tímagjald kemur ekki til mats. Aðkoma slíkra teymismeðlima að verkefnum sem unnin eru á grundvelli rammasamnings þessa skal vera að höfðu samþykki kaupanda. Séu boðnir fram aðrir teymismeðlimir til viðbótar við þá sem uppfylla lágmarkskröfur hefur það ekki áhrif á mat tilboða.

- Þjóðandi getur skilað upplýsingum um fleiri teymismeðlimi, umfram þá sem skilgreindir eru að lágmarki, sem ekki uppfylla allar ofangreindar lágmarkskröfur.

Kröfur til starfsmanna í vefteymi:

Vefteymin skulu innihalda: skilastjóra, hönnuð notendaupplifunar, sérfræðing í efnisvinnslu og framendaforritara. Teymismeðlimir skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- **Skilastjóri**
- Reynsla af leiðtogahlutverki í teymi ásamt því að hafa náð árangri með fjölbreyttum teymum
- A.m.k. 3 ára reynsla af agile

- Hafa stýrt amk 3 sambærilegum miðlungsstórum verkefnum sem voru að lágmarki 500 klst. per verkefni þar sem reynir á samskiptahæfni tæknifólks og annarra hagsmunaaðila
 - Reynsla af því að fylgjast með framvindu stórra hugbúnaðarverkefna, bera kennsl á áhættur í verkefnum og tryggja að gæði séu tryggð í hvívetna í gegnum þróunarferlið.
 - Framúrskarandi samskipthæfni, skipulagshæfni og hæfni til að leiða saman tæknilegt fólk og aðra hagsmunaaðila eftir þörfum og umfangi verkefna.
- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til skilastjóra séu uppfylltar.
- **Hönnuður**
 - A.m.k. 3 ára reynsla í vef- og/eða viðmótshönnun í praktískum verkefnum, ekki er tekið mið af verkefnum úr skóla
 - Þátttaka í amk 3 miðlungsstórum verkefnum (að lágmarki 500 klst per verkefni) á sviði notendaupplifunar (UX) og notendaviðmóts (UI)
 - Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til hönnuðar séu uppfylltar ásamt dæmum um verkefni í Figma (skjáskot) og dæmi um verkefni sem sýna skalanlega hönnun.
- **Efnisvinnsla**
 - Amk 3 ára reynsla við skrif, ritstjórn og miðlun upplýsinga
 - Amk 3 ára reynsla af framsetningu efnis á vef og hafa unnið í stöðluðu vefumsjónarkerfi
 - Góð kunnátta í íslensku og ensku.
 - Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til aðila í efnisvinnslu séu uppfylltar.
- **Framendaforritari**
 - Amk 3 ára reynsla í framendaforritun
 - Amk 1 árs reynsla af Typescript
 - Amk 1 árs reynsla af React eða Next.js
 - Amk 1 árs reynsla af að nota RESTful þjónustur og GraphQL til að samþætta gögn í notendaviðmóti
 - Amk 1 árs reynsla af sjálfvirkum prófunum (e. test automation)
 - Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til framendaforritara séu uppfylltar.

Auk ofangreindra teymismeðlima er bjóðendum valkvætt að bjóða sérfræðing í notendaprófunum. Sé sérfræðingur í notendaprófunum boðinn skal hann uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- **Sérfræðingur í notendaprófunum (valkvætt)**
- Amk 3 ára reynsla í vef- og/eða viðmótshönnun
- Reynsla af amk 3 stórum verkefnum (amk 1000 klst per verkefni í vef- og/eða viðmótshönnun

- Bjóðandi skal skila feril- eða verkskrá sem sýna fram á að ofangreindar kröfur til sérfræðings í notendaprófunum séu uppfylltar sé sérfræðingur í notendaprófunum boðinn.

Bjóðendum er heimilt að tilgreina fleiri teymismeðlimi, umfram þá sem skilgreindir eru hér að ofan, sem ekki uppfylla allar ofangreindar lágmarkskröfur. Séu tilgreindir fleiri teymismeðlimir skal koma fram í tilboðsskrá sérstakt tímagjald. Það tímagjald kemur ekki til mats. Aðkoma slíkra teymismeðlima að verkefnum sem unnin eru á grundvelli rammasamnings þessa skal vera að höfðu samþykki kaupanda. Séu boðnir fram aðrir teymismeðlimir til viðbótar við þá sem uppfylla lágmarkskröfur hefur það ekki áhrif á mat tilboða.

1.2.6 Byggt á getu annars aðila

Bjóðanda er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá í samræmi við 76. gr. OIL. Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis skal skila inn upplýsingum sem staðfesta hæfi fyrirtækisins að því leyti sem byggt er á í tilboði.

Byggi bjóðandi á menntun, starfsreynslu eða faglegri getu annars aðila er skilyrði að sá aðili annist þann hluta verks eða þjónustu þar sem slíkrar getu er krafist. Bjóðandi skal sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð með því að leggja fram með tilboði skuldbindandi yfirlýsingu frá aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna.

Þegar fyrirtæki byggir á fjárhagslegri eða efnahagslegri getu annars aðila skal fyrirtækið og viðkomandi aðili bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Bjóðandi skal í slíku tilfelli skila inn yfirlýsingu um sameiginlega ábyrgð með undirritun þeirra sem geta skuldbundið fyrirtækin.

1.2.7 Undirverktaka

Bjóðanda er heimilt að notast við undirverktaka við framkvæmd samnings en ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki hagi vinnu sinni í samræmi við útboðsskilmála. Bjóðandi skal upplýsa í tilboði sínu hvaða hluta samnings hann hyggst láta undirverktaka framkvæma.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi. Áður en undirverktaki hefur störf skal bjóðandi upplýsa um hvaða undirverktaka hann hyggst nota, láta kaupanda í té afriti af samningnum og fá skriflegt samþykki kaupanda.

Undirverktaki skal uppfylla viðeigandi kröfur útboðsgagna til tæknilegrar og faglegrar getu. Ef útilokunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er bjóðanda skylt að útvega nýjan verktaka í hans stað að kröfu kaupanda. Sömu kröfur eru gerðar til nýs undirverktaka og skal bjóðandi upplýsa um hvaða undirverktaka ræðir og leita samþykkis kaupanda áður en hann hefur störf.

1.2.8 Starfsmannaleiga

Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.

Bjóðandi sem nýtir sér þjónustu starfsmannaleigu skal upplýsa um það í tilboði sínu með því að skila inn staðfestingum um að starfsmannaleigan hafi verið tilkynnt til Vinnumálastofnunar og hafi starfsleyfi á Íslandi. Bjóðandi sem fyrirhugar að ráða ríkisborgara frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkis eða Færeyja skal vera búinn að fá útgefið atvinnuleyfi áður en viðkomandi hefur störf.

1.2.9 Útilokunarástæður bjóðanda

Bjóðandi skal ganga úr skugga um að útilokunarástæður samkvæmt 68. gr. laga um opinber innkaup eigi ekki við um starfsemi hans.

Bjóðandi samþykkir með framlagningu tilboðs að Fjársýslunni sé heimilt við mat tilboð eða á framkvæmdartíma samnings að kanna hvort útilokunarástæður laga um opinber innkaup eigi við, m.a. með því að fletta bjóðanda upp í Creditinfo. Bjóðanda er ljóst að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

1.3 Tæknilýsing

1.3.1 Lýsing á vöru/þjónustu

Hver bjóðandi (fyrirtæki eða samsteypa) sem verður boðið til þátttöku í kynningu og verkefnavinnu fær greiddar 200.000 kr. fyrir þátttöku sína í kynningu og verkefnavinnu, óháð fjölda teyma sem fyrirtækið býður.

Áætlað er að umfang vinnu við fyrirhuguð verkefni sem falla munu undir rammasamning þennan verði í heild sinni um 200.000 – 400.000 klst. til fjögurra ára ef framlengingaheimildir samnings verða nýttar. Er það þó aðeins áætlun miðað við stöðuna í dag og endurspeglar ekki endilega nýtingu samnings og er alls ekki loforð um nýtingu samnings þar um eða takmörkun á nýtingu hans. Umfang verkefna er háð því að verkefnið hljóti fjármögnun öll árin sem rammasamningur mun ná til. Þannig kann umfang vinnu að minnka eða vaxa á samningstímanum. Rammasamningurinn felur því ekki í sér loforð um viðskipti. Í því felst að með aðild að rammasamningi eru verkefni ekki tryggð fyrr en samningur hefur verið gerður á grundvelli rammasamnings.

Um er að ræða tvær grunngerðir af teymum, alhliðateymi og vefteymi.

Almennt um bæði vef- og alhliðateymi:

- Áhersla er lögð á að teymi geti leyst flókin ferli frá upplifun notandans og skilað niðurstöðum í bakendakerfi.
- Teymið vinnur í nánú samstarfi við vöru- og/eða verkefnisstjóra verkkaupa, þjónustueiganda og fulltrúa þeirra aðila sem koma að verkefnum sem unnin eru fyrir Stafrænt Ísland hvort heldur sem er bein kaup innan samnings eða þau sem boðin eru út í örútbodum og annarra hagsmunaaðila er tengjast verkinu/verkunum.
- Teymin vinna skv. hönnunarkerfi, efnis-, aðgengis-, vefþjónustu- og tæknistefnu Stafræns Íslands ásamt því að vinna eftir stafrænni stefnu hins opinbera.
- Teymin vinna náið með öðrum teymum innan rammasamnings Stafræns Íslands.
- Hugsanleg þátttaka í faghópum.
- Kaupandi áskilur sér rétt til ákveða að velja hluta af teymi í einstök verkefni og til úrlausna eru einstaklingar valdir sérstaklega úr teyminu.

Vefteymi:

- Vinna verkefni sem snúa að hönnun, þróun og innleiðingu vefja.
- Dæmi um verkefni sem vefteymi leysir eru vefir stofnana, verkefnavefir, lífsviðburðir ásamt annarri þróun á framendalausnum sem byggðar eru á kjarnaþjónustum Stafræns Íslands
- Áhersla er lögð á hönnun og forritun ferla ásamt viðmótshönnun og forritun á einföldum og flóknari verkefnum.

Alhliðateymi:

- Áhersla á notendamiðaða hönnun, þróun og innleiðingu á kjarnaþjónustum, ferlum og innviðum Stafræns Íslands ásamt stuðningi við stofnanir tengt þeim.
- Ný og áframhaldandi þróun kjarnaþjónusta Stafræns Íslands.
- Ráðgjöf um tækniinnviði, gagnaskipan og gerð vefþjónusta (API's)

Hver teymismeðlimur, að undanskildum skilastjóra getur eingöngu verið í einu boðnu teymi, þ.e. teymismeðlimur getur ekki verið bæði í alhliðateymi og vefteymi.

Upplýsingaöryggi

Seljendur skulu hafa upplýsingaöryggi sem hluta af öllum þáttum þjónustu sinnar, frá hönnun til rekstrar eftir því sem við á í hverju verkefni sem unnið er.

- Þjóðandi skal skila inn upplýsingum sem staðfesta að til staðar sé upplýsingaöryggiskerfi eins og lýst er í þessum kafla.

NIS-2 Reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa er höfð til hliðsjónar við kröfur um upplýsingaöryggi samstarfsaðila Stafræns Íslands.

Seljendur geta uppfyllt kröfur til upplýsingaöryggis með ýmsum hætti, þ.m.t. innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis byggt á staðli eins og t.d. ISO27001 eða með öðrum hætti og staðfest að unnið sé kerfisbundið og stöðugt að umbótum og viðhaldi öryggisstigs í þjónustum sem veittar eru hvenær sem er á samningstíma óski kaupandi eftir því.

Seljandi skal sýna fram á hvernig skráningum (e. logging) er háttað í kringum aðgerðir og aðgang starfsmanna og undirverktaka, kaupandi getur kallað eftir þessum skráningum á samningstímanum. Jafnframt skal seljandi sýna fram á hvar gögn og kerfi eru vistuð á samningstíma, þetta á við um forritskóða, gögn tengd verkefnastýringu, skjölun og önnur gögn.

Kaupandi gerir kröfu um að geta á samningstíma fengið aðgang að rýni að öryggikerfum og/eða þeim öryggisstöðlum sem innleidd hafa verið hjá seljanda.

Fyrir þann forritskóða sem ekki er þróaður sem opinn og frjálss, sem er hluti af kóðasafni Stafræns Íslands, skal sá kóði fjarlægður úr kerfum seljanda og afhentur kaupanda við lok samnings í síðasta lagi. Kaupandi getur kallað eftir því að kóði sé afhentur/fjarlægður fyrir.

Þjóðandi skal skila inn upplýsingum sem sýna fram á hvar gögn og kerfi eru vistuð hjá seljanda, þetta á við um kóða, verkefnastýringu, skjölun og önnur gögn.

Umfang og eðli þeirra öryggiskrafa sem gerðar eru kann að vera mismunandi eftir eðli og umfangi verkefna. Þjóðendur skulu ávallt:

- Hafa skilgreindan ábyrgðaraðila vegna upplýsingaöryggis og persónuverndar til að Stafrænt Ísland geti miðlað kröfum og fengið upplýsingar um útfærslur þeirra í birgjasambandinu.
- Taka fulla ábyrgð á miðlun á kröfum og framkvæmd þeirra gagnvart sínum undirverktökum og þeim aðilum sem vinna fyrir hans hönd í verkefnum.
- Lýsa þeim öryggisprófunum sem er hluti af þeirra þróunarferli, umfangi þeirra og tíðni.
- Sýna fram á að upplýsingaöryggi og persónuvernd sé hluti af verkferlum og kröfum í framkvæmd verkefna þ.m.t. í áætlunum um tíma og umfang verkefna. Þ.á.m. að hafa skilgreint atvikaferli (e. Incident process). Atvikaferli skal t.d. innifela í sér viðbrögði við

netárásam og gagnagíslatökum. Einnig skal sýna fram á endurreisnaráætlun (e. DRM) og áætlun um rekstrarsamfellu (e. BCP)

- Hafa trúnaðarákvæði í samningnum sínum bæði við Stafrænt Ísland, starfsfólk og aðra birgja, þar sem fram kemur með hvaða hætti heimilt er að vinna með trúnaðarupplýsingar (bæði lögaðila og einstaklinga).
- Greina frá notkun gervigreindartóla sem notuð eru í þróun ásamt áhættumati á gagnaleka þeirra tóla.
- Gera grein fyrir aðgangsstýringum starfsmanna og undirverktaka að upplýsingakerfum seljanda, sem dæmi reglur um fjölþáttauðkenningar (e. MFA) og hlutverkamiðaðar aðgangsveitingar (e. RBAC).
- Veita upplýsingar um meðhöndlun á rafrænum upplýsingum og aðgengi að raunlægum búnaði. Sýna fram á að stuðst sé við öruggar þróunaraðferðir og að brugðist sé kerfisbundið við þekktum veikleikum (t.d. OSWAP Top 10) og aðferðum beitt til að fyrirbyggja að óþekktir veikleika eða gallar hafi áhrif á leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og afköst og aðgengileika þjónustunnar.
- Lýsa á öryggisúrræðum og ef við á meðferð á niðurstöðum úr Mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP) ef unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar.
- Bera ábyrgð á verkferlum sem tengjast öryggisbrestum, þ.m.t. vegna persónuupplýsinga í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Byggt á eðli verkefna getur kaupandi óskað eftir staðfestingu á hæfi starfsfólks til upplýsingaöryggis, t.d. með þjálfun, vottunum eða öðrum hætti. Einnig getur kaupandi óskað eftir upplýsingum um bakgrunnsathuganir vegna starfsfólks sem kemur að verkefninu.

Sé öryggisstöðlum ekki fylgt eða seljandi gerist uppvís að vanhirðu um öryggismál telst það samningsbrot og kaupandi áskilur sér rétt til þess að rifta samning.

1.4 Valforsendur

Í þessum kafla er fjallað um val á tilboðum og þær forsendur sem um það gilda. Tilboð verða valin á grundvelli valforsendna sem fram koma í þessum kafla og eru settar fram í samræmi við 79. gr. OIL. Fjárhagslega hagkvæmustu tilboðin eru valin á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða.

Verð gildir 25% og gæði gilda 75%.

Gefinn er heildarstigafjöldi fyrir alhliðateymi annars vegar og heildarstigafjöldi fyrir vefteymi hins vegar.

Heildarstigafjöldi fyrir bjóðendum er reiknaður eins fyrir alhliðateymi og vefteymi og er reiknaður sem hér segir:

$$E_i = V_i + G_i$$

Þar sem E_i er heildarstigafjöldi bjóðanda, V_i er stigafjöldi fyrir verð bjóðanda og G_i er stigafjöldi fyrir gæði bjóðanda.

Samið verður við þau 10 teymi sem fá hæstan heildarstigafjölda í hvorum hluta, þ.e. allt að 10 alhliðateymi og allt að 10 vefteymi. Aðeins verður samið við tiltekinn bjóðanda um að hámarki eitt teymi í hvorum hluta. Því verður að hámarki samið við tiltekinn bjóðanda um tvö teymi, þ.e. að hámarki eitt teymi í hvorum hluta. Sé munur á heildarstigafjölda teymis/teyma sem eru næst inn í samning í viðkomandi hluta innan við 1% mun kaupandi semja við þá aðila, þ.e. kaupandi mun semja við fleiri en 10 aðila í þessu tilfelli.

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér þó rétt til að taka slíku tilboði að því gefnu að honum takist að útvega það fjármagn sem upp á vantar.

Fjárýsylan áskilur sér rétt til að bíða með að gefa upp verð bjóðenda uns teymi hafa fengið stig fyrir gæði. Heildarstigagjöf allra bjóðenda verður gefin upp þegar niðurstaða liggur fyrir, eftir að gæðamat hefur farið fram og niðurstaða þeirra liggur fyrir.

1.4.1 Verð (25%)

Bjóðendur skila boðnu verði í tilboðsskrá. Boðið verð skal vera tímagjald bjóðanda sem tilgreinir kostnað við vinnu boðinna starfsmanna per klst. Tímagjald skal vera gjald boðinna sérfræðinga og skal vera það sama fyrir alla boðna teymismeðlimi. Bjóðendum er þó heimilt að bjóða einnig verð m.v. aðra sérfræðinga sem ekki uppfylla allar lágmarkskröfur en kemur það tímagjald ekki til mats í útboðinu.

Verðstig eru reiknuð með eftirfarandi hætti:

$$Vi = \text{Lægsta boðið verð} / \text{Boðið verð bjóðanda} * 25\%$$

1.4.2 Gæði (75%)

Gæðastig (Gi) hvers teymis er reiknuð út sem hér segir:

$$Gi = Ri + Ki$$

Þar sem Ri er stigafjöldi fyrir reynslu og þekkingu og Ki er stigafjöldi fyrir verkefni.

Reynsla og þekking (25%)

Reynsla og þekking gilda að hámarki 25% af heildarstigafjölda. Reynsla og þekking hvers teymismeðlims umfram lágmarkssköfur er metin til stiga. Heildarstigafjöldi teymis vegna reynslu og þekkingar er veginn stigafjöldi hvers teymismeðlims og gildir 25% af heildarstigafjölda. Nánari útlistun á hvaða þekking og reynsla koma til mats ásamt vægi koma fram í viðauka 2 - Gæðamat.

- Bjóðandi skal fylla inn í viðauka 2 - Gæðamat og telja þar fram reynslu og þekkingu boðinna aðila. Upplýsingar um reynslu og þekkingu boðinna aðila skulu einnig koma fram í innsendum feril- og/eða verksskrám boðinna aðila.

Verkefni (50%)

Verkefni gilda að hámarki 50% af heildarstigafjölda. Stig fyrir verkefni skiptast í 35% fyrir kynningu og 15% fyrir skil á gögnum.

Stigafjöldi fyrr verkefnið er því með eftirfarandi hætti:

$$Vi = (\text{Stig fyrir kynningu}) * 35\% + (\text{Stig fyrir skil á gögnum}) * 15\%$$

Þau teymi sem standast hæfiskröfur og aðrar lágmarkskröfur útboðsins verður boðið að skila verkefnum og eiga möguleika á því að verða hluti af rammasamning. Hvert teymi fær greitt 200.000 ISK fyrir verkefni.

Verkefni verður skilgreint og sett fram eftir opnun tilboða og eftir yfirferð á hæfiskröfum og lágmarkskröfum. Þar verður óskað eftir því að bjóðandi (teymi) útfæri verkefni sem skiptir máli fyrir kaupanda og fellur vel að þeim verkefnum sem falla undir rammasamninginn. Einungis boðnir teymismeðlimir skulu koma að úrlausn verkefnisins. Nánari lýsing á þeim gögnum sem skal skila og fyrirkomulagi kynninga verður sett fram þegar verkefni verður skilgreint og sett fram eftir opnun tilboða og eftir yfirferð á hæfiskröfum og lágmarkskröfum.

Teymin munu hafa 72 klst. til að leysa verkefnið. Öllum bjóðendum sem boðið er að skila verkefni fá afhent verkefni á sama tíma og skal skila öllum gögnum rafrænt til Fjársýslunnar fyrir 23:59 á lokadegi, upplýsingar um lokadag verða kynntar síðar.

Verkefnin munu reyna á viðeigandi þekkingu allra teymismeðlima. Verkefni skal byggt á tæknistefnu Stafræns Íslands og hægt verður að notast við hönnunarkerfi Ísland.is. Sjá nánari gögn sem munu nýtast í verkefnunum hér:

- Kóðasafn á Github: <https://github.com/island-is>
- Tæknihandbók: <https://docs.devland.is/>
- Vefþjónustustefna: <https://docs.devland.is/technical-overview/api-design-guide>
- Hönnunarkerfi Storybook: <https://ui.devland.is>
- Hönnunarkerfi Figma: [Figma \(@islandis\) | Figma](#)
- Efnisstefna: <https://island.is/s/stafrænt-island/efnisstefna>
- Aðgengisstefna: <https://island.is/s/stafrænt-island/adgengismal>

Að 72 klst. loknum fá teymi boð á 30 mínútna fund þar sem teymi halda kynningu þar sem matsnefnd leggur mat á verkefni og kynningu. Teymin hafa 20 mínútur til að kynna verkefnið og verða tilbúin til að svara spurningum í 10 mínútur.

Kynning teymis felur í sér eftirfarandi:

- Kynning á öllum teymismeðlimum, vinnuferli teymis almennt og hvernig teymið mun haga vinnu sinni fyrir Stafrænt Ísland
- Stutt yfirlit yfir önnur verkefni sem teymið hefur unnið
- Kynning á verkefninu
 - Afurð verkefnisins s.s. prótótýpa, skjölun, flæðirit, gagnaskema, vefþjónustulýsingar o.fl.
 - Hvernig teymið leysti verkefni

Kaupandi verður eigandi þeirra afurða verkefnisins sem koma frá bjóðendum og getur hagnýtt þau kjósi hann svo.

Gert er ráð fyrir því að kynningar fari fram á höfuðborgarsvæðinu í húsakynnum á vegum kaupanda.

Notað verður sérstakt matseyðublað er byggir á MOS aðferðafærðinni, slíkt matseyðublað verður lagt fram samhliða því þegar verkefni eru afhent bjóðendum. Sérstök matsnefnd sem samanstendur af 8 aðilum mun meta verkefni bjóðenda byggt á kynningu og skilum á gögnum.

1.5 Samningsskilmálar

1.5.1 Samningstími

Samningstími er frá því tilboði er tekið og gildir í tvö ár.

Heimilt er að framlengja samninginn tvisvar sinnum um eitt ár í senn. Heildarsamningstími getur því mest orðið fjögur ár.

1.5.2 Staðsetning

Bjóðandi skal hafa starfsstöð á Íslandi meðan á verkefni stendur.

1.5.3 Fyrirkomulag innkaupa innan samnings

Teymum verður raðað í röð út frá heildarstigafjölda sem þau hljóta í útboði þessu, í hvorum hluta fyrir sig.

Samningar á grundvelli rammasamningsins verða gerðir ýmist með beinum kaupum eða með örútboðum.

Gerðir eru verksamningar við teymi innan rammasamnings út frá þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni. Sé tiltekið verkefni áætlað yfir 5000 klst. skal framkvæmt örútboð innan rammasamningsins. Auk þess getur kaupandi ávallt ákveðið að framkvæma örútboð innan samningsins sé það metið hagkvæmt með tilliti til fyrirliggjandi verkefna.

Val á teyimum með beinum kaupum á grundvelli heildarstigafjölda

Forsenda fyrir vali á teymi/teyimum í tilgreind verkefni er heildarstigafjöldi teyma í þessu útboði. Teymum verður raðað í röð í lista frá því teymi sem hefur hæstan heildarstigafjölda niður í það teymi sem hefur lægstan heildarstigafjölda, í hvorum hluta fyrir sig.

Ljóst verður hvers konar teymi (eitt eða fleiri) þörf er á í tilgreint verkefni. Það teymi sem hefur hæstan heildarstigafjölda er valið í verkefnið svo fremi sem það er ekki upptekið í öðru verkefni. Sé svo, þá er teymið með næsthæstan heildarstigafjölda valið og svo koll af kolli.

Val á teyimum á grundvelli örútboða

Kaup innan rammasamnings á teymi/teyimum skulu fara fram með örútboðum ef verkefni er áætlað stærra en 5000 klst.

Auk þess getur kaupandi ávallt ákveðið að framkvæma örútboð innan samningsins sé það metið hagkvæmt með tilliti til fyrirliggjandi verkefna.

Samið verður við þann bjóðanda sem fær hæstan heildarstigafjölda í örútboði fyrir boðið teymi. Ef tvö eða fleiri teymi eru boðin út, þá getur verið samið við tvö eða fleiri bjóðendur.

Valforsendur og vægi þeirra sem heimilt er að nýta innan örútboða eru:

- Gæði: 0-100%. T.d. þekking, reynsla, verkefni og kynning
- Verð: 0-100%

Í örútbodum verður útfærð sérstök lýsing á því verkefni sem um er að ræða og óskað eftir tilboðum í tilgreint tímamagn teymis/teyma sem vinna munu að lausn og útfærslu verkefnisins.

Upplýsingar um fyrirkomulag eftir að samningur kemst á innan rammasamnings

Þegar kemur að fyrsta verkefninu, þá er það teymi valið sem hefur hæstan heildarstigafjölda eftir útboð þetta. Gerður er samningur um verkið þar sem fram kemur verktímabil, viðmiðunarfjöldi tíma o.fl. (Viðauki 5 - Dæmi um verksamning). Teymið vinnur að verkefninu eins og þar er skilgreint og samkvæmt verkáætlun sem unnin verður í samráði við kaupanda. Við verklok mun kaupandi framkvæma skilamat þar sem árangur samningsins er metinn með tilliti til verk- og tímaáætlunar. Gæði hins afhenta verks eru metin á ákveðinn máta, aðferðafræði seljanda er metin, frammistaða þátttakenda í teymi/teymum er metin o.s.frv. Þannig er frammistaða teymis metin í lok hvers verkefnis.

Með reglubundnum hætti, einu sinni á ári, er forgangsröðun teyma endurmetin út frá niðurstöðu skilamats verkefna. Þegar næst kemur að vali teyma þá er það teymi sem er með hæstan heildarstigafjölda, eftir mat á árangri liðins árs samkvæmt skilamati, sem fær næsta verkefni.

Veginn meðal stigafjöldi allra skilamata teymis kemur í stað stigafjölda fyrir verkefni í upphaflegu mati. Verð og gæði vegna þekkingar og reynslu teymis eru föst út tíma samningsins. Þannig er það aðeins sá stigafjöldi sem fékkst fyrir verkefnahlutann, sem gildi 50% af heildarstigafjölda, sem breytist einu sinni á ári í samræmi við frammistöðu. Verkefni sem teymi leysa í útboði er ætlað að líkja eftir þeim raunverkefnum sem teymi munu leysa á samningstíma. Því er lítið svo á með framkvæmd skilamats raunverkefna sé verið að halda í sambærilega aðferðafræði og upphafleg stigagjöf teyma byggir á og þannig viðhaldist forgangsröðun teyma innan samningsins út samningstímamann og styður við kröfur og þarfir kaupanda. Hafi bjóðandi ekki fengið verkefni á samningstíma gildir áfram sá stigafjöldi fyrir verkefni sem viðkomandi bjóðandi fékk í þessu útboði.

Seljandi sem valinn hefur verið til þátttöku í skilgreindu verkefni á grundvelli hæsta heildarstigafjölda teymis/teyma, getur óskað eftir því að vera undanþeginn í verkefninu sökum þess að aðstæður hans hafi breyst tímabundið.

Verksamningar

Þegar teymi er valið til þátttöku í verkefni, hvort heldur sem er á grundvelli heildarstigafjölda eða í kjölfar örútbóðs verður gerður samningur milli aðila. Þá skulu skilmálar rammasamnings gilda eftir því sem við á.

Samningur aðila verður um tiltekið magn af tímum (útseldri vinnu seljanda) sem seljandi skal inna af hendi fyrir kaupanda. Kaupandi hefur heimild til að óska eftir því að vinna seljanda fari fram í húsnæði kaupanda. Fær seljandi þá úthlutaða aðstöðu í húsnæði kaupanda, rými fyrir starfsfólk bóðins teymis og tengingar við internet og umhverfi kaupanda. Seljandi skal sjálfur útvega nauðsynlegan tölvubúnað og tól/hjálpartæki fyrir starfsfólk teymisins.

Kaupandi mun leggja fram verkáætlun, í upphafi verks í samráði við seljanda. Það verður umfang vinnu seljanda (þ.e. þess eða þeirra aðila innan teyma sem taka þátt í verkinu.) Seljandi er óheimilt að fara umfram áætlað tímamagn án heimildar kaupanda.

Kaupanda er heimilt að óska eftir samningi um aukaverk eða að seljandi vinni fleiri tíma en tilgreindir eru í upphaflegum samningi aðila. Sömu kröfur, gæði og einingaverð skulu gilda um slík aukaverk og umfram tíma og tilgreint eru í útboðsgögnum.

Seljandi skal skila ítarlegum verkskýrslum með reikningum sem sendir eru út í lok hvers mánaðar. Þar sé gerð grein fyrir öllum verkþáttum sem unnir hafa verið ásamt upplýsingum um það hvaða nefndi teymismeðlimur vann verkið. Gera skal grein fyrir frávikum frá áætlun og þau frávik skýrð.

Skilamat

Við verklok samnings skal verkefnastjóri Stafræns Íslands, eða annar fulltrúi kaupanda, framkvæma skilamat þar sem lagt er mat á árangur samnings með tilliti til verk- og tímaáælnar í samráði við skilastjóra teymis.

Markmiðið með skilamatinu er að viðhalda gæðum verkefna og skapa virkt umbótasamtal við teymi innan samnings hvernig kaupendur og seljendur megja bæta framkvæmdina á verksamningum. Verkefnin eru metin á skalanum 0-100 og þeir þættir sem koma til mats eru m.a.

- Aðgengi og prófanir
- Gæði rekstursins og högun
- Verkefnastjórnun (þmt samskipti)
- Frávik frá verkáætlun í tíma
- Tæknileg skjölun

Sniðmát gildandi skilamats má sjá hér sem hluti af gæðastefnu: <https://island.is/s/stafrænt-island/gæðastefna>. Sniðmát skilamats getur þó tekið breytingum á gildistíma samningsins í samræmi við reynsu af rekstri samningsins. Gildandi sniðmát skilamats eru alltaf fyrirbyggjandi við gerð verksamnings fyrir tiltekið verkefni.

Niðurstaða skilamats hefur áhrif á forgangsöröðun teyma sem endurmetin er einu sinni á ári.

1.5.4 Fávíti

Á ekki við.

1.5.5 Verð og verðbreytingar

Tímagjald seljanda í hverju verkefni er fastur. Miðað er við boðið tímagjald seljanda.

Boðið tímagjald er fast til 1. janúar 2027 og uppfærast þá í samræmi við breytingar á vísitölu launa. Eftir það uppfærast tímagjald 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu launa. Upphafsvísitala skal vera vísitala launa þess mánaðar sem samningur kemst á.

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem leiða af framkvæmd samnings, hvaða nafni sem þau nefnast og uppfylla öll skilyrði um tilskylda virkni, tilbúið til notkunar fyrir kaupanda.

Verð skulu vera í íslenskum krónum án virðisaukaskatts.

Verði samningur framlengdur í samræmi við framlengingarheimildir gilda sömu einingaverð áfram.

1.5.6 Greiðslur

Viðskiptaskilmálar ríkisins gilda sé ekki um annað samið.

Sé ekki um annað samið skal kaupandi greiða seljanda mánaðarlega skv. tímaskýrslu. Ítarleg tímaskýrsla skal fylgja reikningum.

Reikningar skulu ávallt sundurliðaðir fyrir vinnu hvers einstaklings í teymi og greitt verður skv. þeirri sundurliðun.

Allir reikningar skulu vera með rafrænum hætti, þ.e.a.s. á XML formi og miðlað í gegnum skeytamiðlara. Ekki er tekið við PDF reikningum í gegnum tölvupóst.

Að auki má finna frekari leiðbeiningar um rafræna reikninga á heimasíðu Fjársýslu ríkisins: <https://fjs.atlassian.net/wiki/spaces/FJS/pages/2059173935/Rafr+nir+reikningar>

Dráttarvextir skulu ekki vera hærri en skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

1.5.7 Samskipti á samningstíma

Kaupandi skipar fulltrúa til að annast samskipti við seljanda á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd kaupanda, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings.

Kaupanda er jafnframt heimilt að fá starfsmenn frá þriðja aðila til að taka þátt í verkefninu.

Skilgreindar hafa verið sérstakar samskiptareglur (Viðauki 3 – Samskiptareglur rammamarknaðarsamnings) er lýsa samskiptum þátttakenda í verkefninu. Allir samningsaðilar skulu vinna eftir samskiptareglum þessum.

Aðilar skipa hvorn sinn fulltrúa til að annast almenn samskipti á samningstímanum. Að auki verða samskipti aðila í gegnum fyrirhugaða stýri- og verkefnishópa, sjá Viðauki 3 – Samskiptareglur rammamarknaðarsamnings.

1.5.8 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða, auk tjóns er kaupandi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Seljandi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Þá skal seljandi kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Seljandi skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

1.5.9 Endurskoðunarákvæði

Kaupanda er heimilt að breyta samningi á gildistíma hans án þess að hefja nýtt innkaupaferli að uppfylltum skilyrðum 90. gr. OIL.

Seljanda er heimilt að breyta mönnun teyma komi til ófyrirséðra þátta sem krefjast slíkrar breytingar, t.d. að starfmaður í teymi sé hættur störfum hjá seljanda. Seljandi skal þá útvega nýjan starfsmann sem uppfyllir sömu kröfur um hæfi og sömu gæði og fráfarandi starfsmaður og skal það gert að höfðu samþykki kaupanda.

Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að einstaklingi í teymi sé skipt út á grundvelli málefnalegra ástæðna. Seljandi skal þá skv. framansögðu útvega nýjan starfsmann sem uppfyllir sömu kröfur um hæfi og sömu gæði og fráfarandi starfsmaður og skal það gert að höfðu samþykki kaupanda.

1.5.10 Riftun og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess. Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndaúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara. Kaupandi getur rift samningi hvenær sem og er og án fyrirvara leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám er gert í búi hans. Ef kaupandi neyðist til að grípa til vanefndaúrræða kann seljandi að vera útilokaður í þrjú ár frá þátttöku í öðru innkaupaferli, sbr. h. lið 6. mgr. og 10. mgr. 68. gr. OIL.

Kaupandi áskilur sér rétt til þess að segja upp samningi fyrirvaralaust við seljanda ef einhver af þeim tilvikum sem talin eru upp í 1. mgr. 91. gr. OIL eiga við.

Kaupandi getur sagt upp samningi með þriggja mánaða fyrirvara breytist forsendur kaupanda verulega. Veruleg forsendubreyting telst t.d. sameining eða uppskipting stofnana er tengjast kaupanda, verulegar breytingar verða á verkefnum kaupanda sem hafa áhrif á rekstur upplýsingakerfa og/eða kröfur til reksturs kerfanna eða lögum er snerta verkefnið Stafrænt Ísland er breytt eða lögum er varða verkefni skv. samningi þessum.

Seljandi getur sagt sig frá rammasamningi hafi aðstæður hans breyst og hann telji sig ekki geta uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í samningi. Við slíka uppsögn, skal hann ljúka verkefnum sem kunna að vera í gangi í samræmi við samninga um einstök verk.

Við uppsögn verður kaupandi ekki skaðabótaskyldur vegna áætlaðs missi hagnaðar, afleidds tjóns eða annarra skaðabótakrafna. Uppsögn/Uppsagnarfrestur tekur gildi frá því tímamarki er uppsögn er komið til móttakanda.

1.5.11 Sjálfbærni

Vara eða þjónusta sem bjóðandi lætur í té skal uppfylla viðeigandi kröfur íslenskra laga og tilskipana Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar og félagslegra réttinda.

1.5.12 Starfskjör starfsmanna og undirverktaka

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans, undirverktaka/starfsmannaleigna sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Seljandi skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvart kaupanda, að starfsmenn hér á landi á vegum starfsmannaleigna njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum. Sé vinna framkvæmd utan Íslands, skulu laun vera greidd í samræmi við kjarasamninga, lög og reglugerðir þess lands, eða í samræmi við kröfur ILO (Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar).

1.5.13 Eignarhald

Kaupandi er eigandi alls hugbúnaðar og allra lýsinga og skjölunar, sem verða til í verkefnum er falla undir rammisamning þennan. Kaupandi eignast slíkar afurðir um leið og þær verða til í verkinu, einnig þær afurðir sem koma til í útboðsferlinu og þátttöku í því. Kaupanda er heimilt að vinna frekar með slíkar afurðir og/eða fá til þess þriðja aðila.

1.5.14 Trúnaður

Seljandi er bundinn trúnaði gagnvart kaupanda í öllum þeim verkefnum sem hann vinnur undir rammisamningi þessum í samræmi við eðli og inntak verkefna hverju sinni.

Seljandi skal afhenda trúnaðaryfirlýsingar frá starfsmönnum sínum (Viðauki 5 - Trúnaðaryfirlýsing). Kaupandi áskilur sér rétt til þess að óska eftir uppfærðum eða ítarlegri trúnaðarupplýsingum hvenær sem er á samningstíma enda sé það í samræmi við eðli verkefna sem unnið er að hverju sinni.

1.6 Tilboð

Bjóðandi hefur kynnt sér útboðsgögn Fjársýslunnar og kaupanda og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við það. Með tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningsskilmála.

Bjóðendur skulu skila inn tilboði sínu og umbeðnum gögnum og upplýsingum í samræmi við útboðsgögn og upplýsingar í skilahólfum í útboðskerfinu.

Tilboð skulu vera bindandi. Frávikstilboð eru óheimiluð. Fyrirvari í tilboði sem samrýmist ekki útboðsgögnum leiða til þess að tilboð verður metið ógilt.

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi. Í umboði skal koma fram í hvaða skyni umboðið er veitt og undirritun umboðsgjafa auk undirritunar tveggja votta sem staðfesta undirritun umboðsgjafa og dagsetningu.

Dæmi um slíkt umboð og nánari upplýsingar má [finna hér](#).